

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1142/2010**2013/EES/4/91**

frá 7. desember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar gildistímabil aðlögunarráðstafananna varðandi skilyrðin fyrir því að undanþiggja tiltekin dýr brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu ⁽¹⁾, einkum 9. gr. (c-lið 1. mgr.), 11. og 12. gr. og 19. gr. (þriðju málsgrein),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október 2007 um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á tilflutningi dýra innan takmörkunarsvæða og frá þeim.
- 2) Í 8. grein reglugerðar (EB) nr. 1266/2007 er mælt fyrir um skilyrði fyrir undanþágu frá brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun 2000/75/EB. Í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að tilflutningur á dýrum, sæði þeirra, eggjum og fósturvísnum, af bújörð eða sæðingar- eða sæðisgeymslustöð, sem er á takmörkunarsvæði, til annarrar bújarðar eða sæðingar- eða sæðisgeymslustöðvar skuli undanþeginn brottfararbanninu, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í III. viðauka við þá reglugerð eða allar aðrar viðeigandi dýraheilbrigðisábyrgðir sem byggjast á jákvæðum niðurstöðum úr áhættumati á ráðstöfunum gegn útbreiðslu blátunguveirunnar og vernd gegn ásókn smitferja, sem lögbært yfirvald á upprunastað gerir kröfu um og lögbært yfirvald á viðtökustað samþykkir, áður en slík dýr eru flutt.
- 3) Í 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 er þrátt fyrir skilyrðin sem sett eru fram í III. viðauka við þá reglugerð, kveðið á um að viðtökuaðildarríki geti, til 31. desember 2010, krafist þess að flutningur tiltekinna dýra, sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, skuli háður viðbótarskilyrðum á grundvelli áhættumats þar sem tekið er tillit

til skordýrafræðilegra og faraldsfræðilegra aðstæðna sem dýrin eru flutt í. Í þessum viðbótarskilyrðum er tilgreint að dýrin verði að vera yngri en 90 daga, að þau verði að vera haldin í lokuðu rými til verndar gegn smitferjum frá fæðingu, og að tilteknar prófanir hafi verið gerðar á þeim, eins og um getur í III. viðauka við þá reglugerð.

- 4) Fimmtán aðildarríki og Noregur hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau hafi beitt þessari umbreytingarráðstöfun. Niðurstöður úr áhættumati, sem eru aðgengilegar öllum á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar, sýna að uppkoma blátungu í þessum aðildarríkjum og í Noregi í kjölfar flutninga dýra frá takmörkunarsvæðum gæti haft verulega neikvæð áhrif.
- 5) Síðan 2008 hefur sjúkdómsástandið í heild sinni batnað verulega að því er varðar blátungu. Veiran er þó enn fyrir hendi í hlutum Evrópusambandsins.
- 6) Til að samræma framkvæmd hafa aðildarríki óskað eftir sértækum viðmiðunum fyrir „smitferjuhelda stöð“ sem er mikilvæg krafa fyrir fjölda þeirra skilyrða sem eru sett fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007 og miðar að vernd dýra gegn ásókn smitferja. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin vinnur sem stendur að skilgreiningu á smitferjuvarinni stöð eða aðstöðu. Niðurstöður þessarar vinnu skulu vera framlag til framkvæmdastjórnarinnar til að skilgreina viðmiðanir fyrir smitferjuheldar stöðvar eins og um getur í III. viðauka við reglugerðina.
- 7) Á meðan beðið er þróunar á viðmiðunum fyrir smitferjuheldar stöðvar skal framlengja gildistíma umbreytingarráðstafananna sem kveðið er á um í 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 um sex mánuði til viðbótar.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1266/2007 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í inngangssetningu 1. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 komi dagsetningin „30. júní 2011“ í stað „31. desember 2010“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.
